



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Þjónustusamningur við Blindrafélagið um rekstur akstursþjónustu

Lagt er til að gerður verði þjónustusamningur við Blindrafélagið um að Blindrafélagið taki áfram að sér að reka akstursþjónustu fyrir Reykvíkinga sem eru greindir lögblindir af þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga og geta ekki nýtt sér almenningsgöngur vegna fötlunar sinnar. Tillagan felur ekki í sér viðbótarkostnað og rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg hefur verið með samning við Blindrafélagið um akstursþjónustu fyrir blinda Reykvíkinga síðan árið 1997. Um er að ræða mikilvæga þjónustu fyrir blinda Reykvíkinga og starfsemin skapar einnig störf fyrir Blindrafélagið.

Um akstursþjónustu Blindrafélagsins gilda skilyrði reglna um akstursþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 12. febrúar 2020. Í samræmi við bókun velferðarráðs dags. 7. júní 2023 verður unnið að endurskoðun gjaldskrár fyrir akstursþjónustuna og tillögur þar að lútandi lagðar fyrir velferðarráð.

Drög að þjónustusamning hafa verið unnin með Blindrafélaginu og er sátt um samninginn en af hálfu Blindrafélagsins hefur verið óskað eftir endurskoðun á gjaldskrá og verður það gert á samningstímanum samanber framangreinda bókun velferðarráðs.

Tillagan felur ekki í sér viðbótarkostnað og rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Fylgiskjal:

Drög að þjónustusamningi við Blindrafélagið.